

Ekki þykir ástæða til að taka áðurgreinda kröfu stefnds um sekt á hendur stefnöndu til greina.

Föstudaginn 2. okt. 1931.

Nr. 10/1931. **Árni Sigfússon**

gegn

**Helga Benediktssyni, f.h. Sigurðar
Ingimundssonar.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Sigfússon, er eigi mættir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 7. okt. 1931.

Nr. 61/1931. **Valdstjórnin** (Bjarni P. Johnson)

gegn

Skúla Eggertssyni (Guðm. Ólafsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. apríl 1931: Kærður, Skúli Eggertsson, sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 2 ár, frá 8. apríl 1931 að telja.

Hann greiði og Hildipór Loftssyni 25 krónur í skaðabætur innan sama frests og sektina.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot kærða, er lýst er í forsendum hins áfrýj-aða dóms, ber að heimfæra undir 5. og 9., sbr. 14. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, sbr. nú lög, nr. 70, 8. sept. 1931, svo og 20. gr. laga, nr. 64, 19. maí 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði skal og sviftur rétti til að stjórna bifreið í 2 ár frá 8. apríl 1931 að telja.

Í prófum málsins eru engar fullnægjandi upplýsingar um bótakröfu Hildipórs Loftssonar á hendur kærðum, m. a. verður eigi séð, hve hárra bóta Hildipór hefir krafizt, og verður því ekki dæmt um þessa kröfu í máli þessu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Skúli Eggertsson, greiði 200 kr. sekt í rikissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar sé hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður skal sviftur rétti til að stjórna bifreið í 2 ár frá 8. apríl 1931 að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, mál-

flutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 40 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skúla Eggertssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis að Bergþórugötu 23 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða, og áfengislaga nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 7. apríl s. l. klukkan 9 tilkynnti Hildipór Loftsson, bifreiðarstjóri, að bifreiðin R. E. 101 hefði þá fyrir nokkurri stundu ekið á bifreið sína R. E. 507, þar sem hún stóð hreyfingarlaus fast upp við gangstéttina á móts við húsið nr. 34 við Hverfisgötu. Hóf lögreglan þá þegar leit að bifreiðinni R. E. 101 og fann hana heima hjá kærðum, sem að jafnaði ekur henni, og var hún töluvert skemmd. Kærður var sofnaður er lögreglan kom inn til hans og kom í ljós, er hann var vakinn, að hann var töluvert ölvaður. Var hann þá færður á lögreglustöðina, en þar þrætti hann fyrir að hafa ekið bifreiðinni, er áreksturinn varð eða eftir að hann hefði neytt víns. Er hann kom fyrir rétt daginn eftir, kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni R. E. 101 inn í Sogamýri þetta umrædda kvöld, og hefði verið í bílnum 2 konur og tveir bílstjórar, sem hann bauð með sér. Kvaðst hann hafa haft vín með sér í þessa för, tvær flöskur af Spánarvini, og drukkið það, eftir að hann hafi stoppað upp frá. Kvaðst hann síðan hafa ekið bifreiðinni lítilsháttar af stað en þá fundið, að hann væri það drukkinn, að han gæti ekki stjórnað bílnum og þessvegna beðið annan bílstjóran, sem með honum var, Kristinn Guðnason, að aka bílnum til bæjarins, og að Kristinn hefði þá tekið við stjórn bílsins. Eftir þetta þóttist kærður ekkert muna eftir sér, fyrr en lögreglan vakti hann um kvöldið, og hefir hann haldið fast við þann framburð sinn.

Bifreiðarstjórnir, Kristinn Guðnason og Oddur Rögnvaldsson, sem voru með kærðum í þessu ferðalagi, hafa báðir verið yfirheyrðir í þessu máli. Hafa þeir samhljóða borið, að kærður hafi ekið bifreiðinni alla leið til bæj-

arins og í gegn um bæinn niður Laugaveg um Ingólfsstræti að Gamla Bíó, stoppað þar til að kaupa aðgöngumiða og síðan ekið inn Hverfisgötu, og þar ekið á bifreið, sem stóð þar upp við gangstétt á sunnanverðri götunni, en þá hafi Kristinn tekið af honum stjórn bílsins og ekið honum það sem eftir var leiðarinnar heim til hans. Þenna framburð þeirra hefir kærður tekið gildan án eiðfestingar.

Það verður því að teljast löglega sannað, að kærður hafi ekið bifreiðinni R. E. 101 eins og að framan greinir. Kærður hefir og viðurkennt, að hann hafi verið mjög ölvður á þessu tímabili, og það, að hann man ekki eftir sér við aksturinn, bendir sérstaklega ríkt í þá átt, að kærður hafi verið dauðadrukinn, og þar með stofnað vegfarendum í alvarlegan háska, því hending má það eftir atvikum heita, að ekki hlaut alvarlegra slys af akstri kærðs, en raun varð á. Það er og í þessu sambandi að athuga, að kærður ók leigubifreið og var einmitt með farþega í þessari ferð.

Bifreiðin, sem kærður ók á á Hverfisgötunni, reyndist vera R. E. 507, og skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð við áreksturinn. Eigandi R. E. 507 hefir ekki gert skaðabótakröfu vegna skemmda á bifreiðinni, en hinsvegar 25 króna kröfu vegna atvinnutjóns meðan gert var við bifreiðina í einn dag.

Verður að fallast á kröfu þessa og gera kærðum að greiða hana innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Með þessu framferði sinu hefir kærður freklega brotið gegn 20. grein áfengislaganna nr. 64, 1930, og 5. sbr. 14. gr. laga nr. 56, 1926 um notkun bifreiða, og þykir refsing hans, sem 15/10 1930 var sektaður um 15 krónur, 11/3 1931 um 10 krónur og 23/3 1931 um 10 krónur í öll skiptin fyrir brot á lögreglusamþykktinni og bifreiðalögunum, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í tuttugu daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 2 ár frá 8. apríl 1931 að telja.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.